

Lög Nemendafélags Ölduselsskóla

1.grein

Félagið heitir Nemendafélag Ölduselsskóla, skammstafað NÖS

2.grein

Tilgangur/hlutverk NÖS er að:

- vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda skólans.
- vera nemendum skólans jákvæð og uppbyggileg fyrirmynd jafnt innan sem utan skóla.
- tryggja að upplýsingar berist frá bekkjarfélögunum til nemendaráðs og frá nemendaráði til bekkjarfélaganna.
- skipuleggja alla dagskrá félagsstarfsins í samráði við félagsstarfakennara og skólastjórnendur.
- reyna að tryggja að sem flestir geti fundið eitthvað við sitt hæfi.
- reyna að virkja sem flesta nemendur til starfa og þátttöku í félagslífi skólans.
- stuðla að betri umgengni nemenda um skólann og umhverfi hans.
- vinna gegn ofbeldi í skólanum og að umfjöllun um nemendur í skólanum sé ekki meiðandi á neinn hátt.

3.grein

Aðeins nemendur í 8.-10.bekk skólans eru félagar í NÖS og hafa rétt til að stunda félagsstarf skólans svo lengi sem skólaganga þeirra er innan eðlilegra marka.

4.grein

Nemendaráð er lýðræðislega kosið í upphafi skólaárs. Hver bekkjardeild kýs sér 6 fulltrúa úr árganginum. Nemendaráð kýs sér síðan stjórn: formann, varaformann, gjaldkera, ritara, sjoppustjóra og umsjónamann heimasíðu. Stjórnin er tengiliður ráðsins við skólastjórn og stýrir störfum ráðsins.

5.grein

Nemendaráð getur stofnað nefndir sem heyra undir stjórn nemendaráðs. Markmið slíkra nefnda er að styrkja félagsstarf skólans enn frekar. Slíkar nefndir getu verið ritnefnd, skreytinganefnd, klúbbastarfsnefnd og fleiri eftir atvikum.

6.grein

Einfaldur meirihluti nægir til þess að samþykkja mál innan ráðsins.

7.grein

Skyldumæting er á alla fundi nemendaráðs og þurfa nemendaráðsmenn að tilkynna forföll. Fjármunir nemendasjóðs eiga ekki að nýtast í þágu eiginhagsmuna nemendaráðsmanna. Vinnuferð nemendaráðs í upphafi skólaárs er undanþegin þessari reglu.

9. grein

Ef fulltrúi nemenda í nemendaráði fer ekki eftir lögum félagsins og reglum skólans fyrirgerir hann rétti sínum til setu í ráðinu. Áður en til brottvísunar kemur vísar félagsstarfskennari máli viðkomandi nemanda til nemendaverndarráðs. Þar fær erindið endanlega afgreiðslu.

Formaður NÖS:

Formaður NÖS hefur með höndum mikilvægasta starf félagsins og á honum hvílir mest ábyrgð. Hann þarf að vera í góðu sambandi við félagsstarfakennara, skólastjórnendur, foreldrafélag, starfsfólk skólans, nemendaráðsmenn og nemendur skólans. Hann þarf að hafa gott lag á því að skipta verkum milli manna og leggja sig fram við að virkja sem flesta nemendur til starfa í félagsstarfinu. Hann þarf að fylgjast með því að öll verk séu unnin vel og stjórnar fundum ráðsins. Formaður NÖS kemur fram fyrir hönd nemendafélagsins út á við og þarf þess vegna að vera góð og jákvæð fyrirmynd jafnt innan sem utan skóla. Formaður NÖS er í 10.bekk.

Varaformaður NÖS:

Varaformaður NÖS er formanni til aðstoðar og stjórnar í forföllum hans. Varaformaður NÖS er í 10.bekk.

Gjaldkeri NÖS:

Gjaldkeri NÖS sér um fjárreiður nemendafélagsins og annast reikninga og bókhald. Gjaldkeri hefur umsjón með fjáröflunum nemendafélagsins. Gjaldkeri NÖS er í 10.bekk.

Ritari NÖS:

Undir handleiðslu félagsstarfskennara skráir ritari NÖS fundargerð nemendaráðsfunda og heldur utan um öll erindi, bréf og önnur gögn sem berast ráðinu. Ritari NÖS sendir félagsstarfakennara, skólastjórnendum og forstöðumanni Hólmasels dagskrá og fundargerð nemendaráðsfunda í tölvupósti.

Sjoppustjóri:

Sjoppustjóri ber ábyrgð á veitingasölu. Hann ákveður verðlagningu í samráði við félagsstarfskennara, fylgist með birgðum og sér um sölu ásamt aðstoðarmönnum. Sjoppustjóri heldur utan um bókhald sjoppunnar í samvinnu við gjaldkera NÖS og félagstarfskennara. Hann er ábyrgur fyrir því að sjoppa skili hagnaði.

Umsjónarmaður samfélagsmiðla:

Umsjónarmaður samfélagsmiðla ber ábyrgð á facebook síðu nemendafélagsins og sér um að uppfæra síðuna reglulega og halda henni við. Á facebook síðunni eiga að vera upplýsingar um nemendafélagið og starfsemi þess, myndir úr félagslífinu og annað sem viðkemur félagslífi nemenda skólans. Umsjónarmaður hefur einnig umsjón með Snapchat reikningi félagsins.